

Nd.

70. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Oddur Andrésson, Sverrir Júlíusson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:

Laun ráðskonu og önnur vinnulaun, sem þarf til matseldar í heimavistum við barna- og unglingaskóla skyldunámsins, greiðir ríkissjóður að öllu leyti.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um vilja löggjafans, að sama fyrirgreiðsla frá hendi ríkissjóðs gildi um allt skyldunám. Síðasta málsgrein 11. greinar laga þeirra, sem breytingin tekur til, hljóðar svo:

„Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti.“

Þetta er í rauninni óheppilegt orðaval, því að barnapróf er tekið við 12 ára aldur, en unglingapróf 15 ára, er skyldunámi lýkur.

Í sveitum landsins hefur óviða verið hægt að veita skólaæskunni aðstöðu til að ljúka skyldunámi í sinni heimasveit. Unglingarnir hafa því annaðhvort farið á mis við þá fræðslu, sem ætlazt er til með námsskyldu til 15 ára, eða þeir hafa orðið að leita til fjarlægra staða, í kaupstaði eða héraðsskóla, og þá með mjög miklum aukakostnaði.

Nú hefur í einstaka fræðsluhéraði verið tekinn upp sá háttur að koma á fót heimavistum við heimangönguskóla, þar sem þéttbýliskjarnar eru, og leysa á þann hátt framangreind vandkvæði.

Þetta hefur t. d. verið gert í Stykkishólmi fyrir sveitirnar þar í grennd og við Brúarlandsskólann í Mosfellssveit fyrir upphreppa Kjósarsýslu, Kjós og Kjalarnes.

Mjög víða um landið eru þessir möguleikar fyrir hendi, að koma upp heimavistum við skóla í þorpum og þéttbýli fyrir unglunga úr dreifbýlinu umhverfis. Slíkt mundi efla viðkomandi skóla og orsaka betri nýtingu kennslukrafta. Þá mun og aðsókn ungra nemenda að héraðsskólunum af létt, og gætu þeir þá betur sinnt hlutverki sínu sem miðskólar og héraðsskólar.